

## AUGLÝSING

### **ríkisskattstjóra nr. 2/2005 um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.**

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 2005 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið að frádregnum áður fengnum fyrningum.
2. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2004 telst 20% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. tölul. hér að framan, að viðbættum 8,3% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2004. Vextir reiknast af fyrningargrunni.
3. Fyrning skv. 2. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2004 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

*Reykjavík, 7. janúar 2005.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.